

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Tónheyrn F1

Haustönn 2022

Kennari: Ívar Aðalsteinnsson

Forkröfur: M2

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Tónheyrn byggist á endurtekinni þjálfun með svipuðum hætti og hljóðfæranám og hér er haldið áfram með hana frá miðstigsáföngunum. Laglínur í dúr og hreinum og hljómhæfum moll eru sungnar ekki síst dúettar, bæði með og án texta. Þær geta verið með taktskiptum, í 6/8 eða óreglulegum takti, og með allt að fjórdeildum slögum. Hrynlestur er bæði í einföldum takti þar sem nóta eða þögn getur verið allt að fjórðungur slags og samsettum takti þar sem nóta getur verið allt að sjötti hluti slags. Bindibogar geta komið frá öllum þessum slaghlutum. Þríhljómar eru sungnir í grunn- og sexundarstöðu og greindir eftir heyrn. Tónbil eru sungin og heyrnargreind, leikin upp og niður á við eða sem samhljómur. Stuttar laglínur og hryndæmi í ætt við það sem hefur verið sungið og hrynlesið eru upprituð eftir heyrn.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki hvernig aðgengileg hrynærn lagferli í dúr, hr. og lagh. moll hljóma og tilhögun radda í dúettsöng. Ennfremur tónbil eftir heyrn spiluð upp eða niður á við eða með samhljómandi nótum og þríhljóma í grunnstöðu og fyrstu hljómhvörfum. Hann þekki hrynmyndur þau sem talin eru upp í áfangalýsingunni. Hann þekki til aðferða við að þjálfva tónheyrn á því stigi sem talað er um í henni.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að syngja lög í dúr, hr. og laghæfum moll með allt að fjórdeildum slögum og einf. eða 6/8 takti. Lögin geta líka haft taktskipti. Hann hafi jafnframt öðlast leikni í að syngja rödd á móti annarri (dúettsöng). Hann geti lipurlega slegið takt í einf. takti með nótum/þögnum sem allt að fjórðung slags og samsettum takti með nótum allt að sjötta hluta slags. Hann hafi öðlast leikni í að syngja og heyrnargreina tónbil leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum og þríhljóma í grunn- og sexundarstöðu.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við aukna hæfni í nótnalestri og tengingu spilamennsku eða söngs, nótnaskriftar og heyrnarlegrar upplifunar.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, söng- og hrynlestrarblöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Símat í tímum og lokapróf		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. Sept 2022)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum.	
2. vika (12. – 16. Sept 2022)	Þríljómar sungnir í grunnstöðu. Lög sungin og hrynur lesinn einkum í einföldum takti.	
3. vika (19. – 23. Sept 2022)	Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Lög sungin og hrynur lesinn einkum í einföldum takti. Lag- og hrynurpritt.	
4. vika (26. – 30. Sept 2022)	Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Lög sungin og hrynur lesinn í einföldum takti. Lag- og hrynurpritt.	
5. vika (3. – 7. Okt 2022)	Þríljómar í grunnstöðu sungnir. Lög sungin og hrynur lesinn í einföldum takti. Lag- og hrynurpritt.	
6. vika (10. – 14. Okt 2022)	Lög með taktskiptum sungin ýmist í dúr eða hreinum moll. Hrynur í lesinn í einföldum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynurpritt.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

<p>7. vika (17. – 21. Okt 2022)</p>	<p>Þríhljómar sungnir bæði í grunn- og sexundarstöðu. Hrynur lesinn með þögnum allt að fjórðung úr slagi á hvaða slaghluta sem er. Lag- og hrynupprit.</p>	
<p>8. vika (24. – 28 Okt 2022)</p>	<p>Þríhljómar sungnir bæði í grunn- og sexundarstöðu. Lög í óreglulegum takti sungin. Lag- og hrynupprit.</p>	
<p>9. vika (31. Okt – 4. Nóv 2022)</p>	<p>Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til. Slög í laglínnum geta héðan í frá verið fjórdeild.</p>	
<p>10. vika (7. – 11. Nóv 2022)</p>	<p>Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.</p>	
<p>11. vika (14. – 18. Nóv 2022)</p>	<p>Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.</p>	
<p>12. vika (21. – 25. Nóv 2022)</p>	<p>Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.</p>	
<p>13. vika (28. Nóv – 2. Des 2022)</p>	<p>Haldið áfram að þjálfra flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.</p>	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (5. – 9. Des 2022)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
15. vika (12. – 16. Des 2022)	Próf sem nær til allra efnisatriða sem farið hefur verið í.	Próf
16. vika (19. – 22. Des 2022)	Farið yfir prófurlausnir nemenda og fjallað um efnisatriði næsta áfanga.	